

mótt 10/7/19  
HJ



Öldrunarheimili Akureyrar  
Halldór Sigurður Guðmundsson,  
framkvæmdastjóri  
Austurbyggð 17  
600 Akureyri

## HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík  
sími: 545 8700 hrn@hrn.is  
stjornarradid.is

Reykjavík 3. júlí 2019  
Tilv.: HRN19030097/06.84.01

### Efni: Úthlutun úr Framkvæmdasjóði aldraðra árið 2019

Heilbrigðisráðuneytið vísar til umsóknar frá Öldrunarheimili Akureyrar um framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra á árinu 2019. Sótt var um framlag til að breyta tvíbýlum í einbýli, endurbóta á hreinlætisaðstöðu o.fl.

Að fenginni tillögu stjórnar Framkvæmdasjóðs aldraðra hefur heilbrigðisráðherra ákveðið að veita framlag til framkvæmdarinnar allt að 1.860.000 kr. úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Framlagið er allt að 40% af áætluðum kostnaði samanber umsókn.

Með bréfi þessu fylgir samkomulag vegna framlagsins í tvíriti. Óskað er eftir því að viðtakandi framlags setji inn viðeigandi upplýsingar í óutfyllta reiti s.s. upplýsingar um þann reikning sem leggja á framlagið inn á. Ef aðrar upplýsingar í samkomulaginu eru ekki réttar þá er bent á að senda athugasemdir á netfang heilbrigðisráðuneytisins á [hrn@hrn.is](mailto:hrn@hrn.is).

Framlagið verður greitt út í tvennu lagi. Fyrri hluti þegar viðtakandi hefur fyllt út og staðfest meðfylgjandi samkomulag með undirritun sinni og sent annað eintak samningsins til ráðuneytisins. Seinni hluti þegar staðfesting liggur fyrir um að framkvæmdin hafi verið í samræmi við umsókn, virkni búnaðar staðfest af eftirlitsaðila og undirrituð staðfesting endurskoðanda á kostnaði við framkvæmdina liggja fyrir.

Fyrir hönd heilbrigðisráðherra

  
Ásta Valdimarsdóttir

  
Elsa B. Friðfinnsdóttir